

21/1971

JARDHITAATHUGUN VIÐ HRAFNAGILSLAUG SYÐRI

I EYJAFIRDI.

Eftir

Guðmund Guðmundsson

og

Kristján Sæmundsson

Nóv. 1971

11.11.1971

JARDHITAATHUGUN VIÐ HRAFNA-
GILSLAUG SYDRI Í EYJAFIRDI
KS/GG/sv

Sumarið 1971 voru gerðar athuganir á jarðhitum við syðri Hrafnagilslaug í Eyjafirði að ósk Arna Ásbjarnarsonar í Hveragerði. Í greinargerð þessari er skýrt frá niðurstöðum þessara athugana. Amtlun fylgir um borunarkostnað við tilraunaholu við laugina.

1) Jarðfræðilegar aðstæður.

Heita vatnið sprettur upp við hlíðarræturnar vestan megin í Eyjafjarðardalnum. Þjóðvegurinn liggur fast vestan við laugarnar. Ofan við veginn sér í fast berg, en lítið eitt norðar eru leifar af malarhjalla utan í hlíðinni, og nær mölin sennilega ekki að ráði austur fyrir veginn. Dýpi á fast í laugunum má áætla út frá nalla hlíðarinnar einhvers staðar á milli 10 og 20 m. Þessi lausu jarðlög eru líklega mest sand- og leirkenndur framburður Eyjafjarðarár. Þær sem líkur eru á, að fremur grunnt sé á fast berg, er sennilegt, að uppstreymi heita vatnsins úr berggrunni sé mjög nálægt þeim stað, þær sem laugarnar koma upp. Telja má víst, að heita vatnið í syðri Hrafnagilslaug komi upp meðfram berggangi líkt og annars staðar í Eyjafirði. Jarðlög í berggrunni eru basalthraunlög með þunnum millilögum, og eru þau orðin mjög hétt vegna ummyndunar og útfellinga í blöðrum og glufum. Jarðlagahallinn er 3° - 10° SSA, en algengust gangastefna norðlæg, oft N Ca. 10° A. Gangarnir skera vanjulega hornrétt í gegnum jarðlögin og má því búst við, að þeim halli lítið eitt til vesturs. Reynslan af borunum í Eyjafirði er sú, að borhola þarf að lenda í ganginum, eða í brömluðu bergi nærri honum ef hún á að gefa vatn. Aðeins fáir gangar eru vatnsleiðandi fyrir heitt vatn, og oft er það uppstreymi, sem sótzt er eftir með tiltölulega grunnri borun, bundið við lítinn kafla af gengunum.

2) Rennsli og hitastig í laugunum.

Einu áreiðanlegu heimildirnar um rennsli úr syðri Hrafnagilslaug og Öðrum smáseytlum í kringum hana eru frá árinu 1944. Þá mældist rennslið 0,8 l/sek og hitastig í heitustu og vatnsmestu lauginni var 55°C. Sumarið 1959 var mældur 57°C hiti í þessari sömu laug. Alls kemur vatn upp í ca. 10 augum á svæði, sem er ca. 10 x 5 m að starð og langdregið í N-S stefnu. Búast má við, að heita vatnið tapist að einhverju leyti út í lausu lögin, á leið sinni til yfirborðs.

3) Efnagreiningar-kísilhiti.

Tvær efnagreiningar eru til af heitu vatni úr syðri Hrafnagilslaug, önnur frá 1944 hin frá 1959 (sjá fylgiblað). Uppleysanleiki kísilsýru í vatni er háður hitastigi og sýrustigi vatnsins. Þetta samband er þekkt og má þannig finna, hvaða hitastigi vatn hefur náð í jarðhitakerfi, áður en það leitar upp til yfirborðsírs. Út frá síðari efnagreiningunni má áætla, að hámarkshitastig, sem vatnið í jarðhitakerfinu hefur náð djúpt í berggrunni, sé um 70°C. Miðað við hitastigul utan jarðhitasvæða í Eyjafirði svarar það til um 1100 m djúprennslis.

4) Viðnámsmælingar.

Sumarið 1971 var lengdarmælt á svæðinu milli Gríasarár og syðri Hrafnagilslaugar. Lengdarmælingarnar voru gerðar með 200 m skautabili á milli spennupóla og 600 m á milli straumpóla. Á teikningu 10289 er sýnd niðurstaða lengdarmælinganna. Jafnvkönámslinur hafa verið teiknaðar á kortið. Viðnámið luokkar frá hlíðinni austur á sléttlendið, vegna seltu í þykkum setlögum á dalbotninum. Viðnámið mældist mjög jafnt eftir línum fjórum, um 20 cm á línum, sem lá um jarðhitastaðina þrjá, Gríasará og nyrðri og syðri Hrafnagilslaugar. Þegar kom upp í hmöina á veststu línum, snarhækkaði viðnámið í ca. 100 cm.

Niðurstöður lengdarmælinganna sýna engin tengsl við jarðhitann. Sennilega má fá betri hugmynd um útbreiðslu jarðhitans með því að lengdarmæla með **styttra skautabili**.

5) Segulmælingar.

Þann 28. okt. 1971 fóru Guðmundur Guðmundsson og Kristján Guðmundsson norður í Eyjafjörð til að gera segulmælingar og athuga staðhætti m.a. við Hrafnagilslaug syðri. Með segulmælingunum fannst gangur, sem gaf um 2500 γ frávik. Hann liggur með norðlægi stefnu rétt ofan við veginn vestan lauganna. Þar sem gangurinn fannst svo nærri laugunum, eru miklar líkur á að uppstreymið sé tengt honum, og komi ef til vill einkum upp með austurhlíðinni.

6) Frekari rennsóknir og borun tilraunaholu.

Þær yfirborðsatlugur, sem fíklegur eru til að geta leiðbeint um staðsettningu fyrstu borholu á svæðinu, hafa þegar farið fram. Hugsarleira mætti fá nýjar upplýsingar með lengdarmælingum með stuttu skautabili, en þær vorður haugt að gera næsta sumar. Varna jarðfrekilegum tilsetningum getur þó brugðið til þess að vena um niðurstöður slíku mælinga, og því tapast ástæða til að bíða með borun eftir leim. Ðýptarmæling með viðnámastakjum hefur ekki verið gerð við syðri Hrafnagilslaug. Slík mæling geti engu breytt um staðsettningu, en hún gæti gefið upplýsingar um stærð þess svæðis, sem er 6eblilega heitt vegna jarðnita.

Að grundvelli þeirra sagna, sem safnað hefur verið um jarðhitann við syðri Hrafnagilslaug og reynslu annars staðar í Eyjafirði, hefur fyrsta borhola verið staðsett vestan þjóðvegar og norðan afleggjara ca. 15 m frá eystri vegarbrún. Hefur staðurinn verið merktur með vörðu. Borholunni er atlað að lenda austan til í ganginum og fylgja honum niður austan megin. Nauðsynlegt er að fylgjast vel með hita í efstu 100-150 m holunnar og verði hann undir 50 °C má telja víst, að holan hafi lent utan uppstreymissvæðisins, og þá að ihuga nýja staðsettningu. Óhægt getur orðið um vik við að staðsettja aðra borholu vegna þjóðvegarins, sem liggur um jarðhitasvæðið. Ögerlegt er að

segja ákveðið fyrir um holudýpt, en verði hiti efnilegur í efstu 100-150 m, má reikna með að bora þurfi í allt að 300 m dýpi, s.s. óska langt og síðor næst, sem fyrirhugað er að láta bora. Íslenskja verður Áætluð á, að borun er ómáttusona og einjan veginn tryggt um árangur af einni nolu.

ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

17.12.'71

KOSTNAÐARAÆTLUN FYRIR BORUN VIÐ
HRAFNAGILSLAUG SYÐRI, EYJAFIRÐI.
GS/SB/sv

Í kostnaðaráætlun þessari er gert ráð fyrir svipaðri hörku bergs og komið hefur fram við boranir annars staðar í Eyjafirði.

Við borun yrði notaður Mayhew bor, sem er með 4 manna áhöfn og borað allan sólarhringinn.

Borað yrði fyrir 10" yfirborðsfóðringu niður í fast berg sem er áætlað um 5 - 6 m. Síðan yrði borað með 4 3/4" - 5 1/8" borkrónum í allt að 600 m dýpi. Fáist vatn úr holunni er möguleiki á að víkka hana og fóðra með 8" röri ef þörf þykir vegna dælingar eða annarra atriða. Í áætluninni er víkkun og fóðrun með 8" ekki reiknuð með.

Verkkaupi annast venjulega veglagningu að borstað, gerð borplans eftir fyrirsögn Jarðborana ríkisins eða ráðgefandi aðila um borunina og um upphald boráhafnar meðan á verkinu stendur.

Gert er ráð fyrir eftirfarandi gangi við borunina

1. Virkur bortími 17.5 klst/sólarhring
2. Borun á botni 16 klst/sólarhring
3. Borhraði 1 m/borkrónutíma
4. Verktími áhafnar 58 klst/sólarhring

Efni til borunarinnar:

Sement og gel	8.000 kr
Fóðurrör og flangsar	22.000 kr
Vatnslögn	<u>8.000 kr</u>
	38.000 kr

Kostnaðarliðir

Flutningur bors og tækja	103.000 kr
Uppsetning bors og borun fyrir fóðurköri	101.000 kr
Efni	<u>38.000 kr</u>
	237.000 kr

Borun fyrir hverja 100 m eftir fóðrun er
áætlað að taki 10 daga og kosti 388.000 kr

Borkostnaður verður því eftirfarandi:

fyrir 100 m	625.000 kr
200 m	1.013.000 kr
300 m	1.401.000 kr
400 m	1.789.000 kr
500 m	2.177.000 kr
600 m	2.565.000 kr

Þessi kostnaðaráætlun er ekki tilboð eða bindandi á neinn hátt heldur eingöngu ætluð til viðmiðunar.


Sýjarfjartarsýsla

Hrafnagilshreppur

Svöri Hrafnagilslaug 1/6 '59 (Botn)

Mfnagr. A.H.

Viti	57,0	°C
pH	9,80	
Viðnám	4034	Ohm/cm v. 25°C
Farka	4,13	mg/l CaO
Cl-	5,0	" "
F	0,65	" "
SiO ₂ (grav)	89,2	" "
SiO ₂ (col)	85,1	" "
SO ₄ --	45,2	" "
H ₂ S	0,20	" "
H-alkali	22,40	" " CaO
G "	35,00	" " "
Steinefni	227,0	" "



ORKUSTOFNUN

Lengdarmælingar hjá Hrafnagili

5.II.1971 KS /Gyða	Tnr.13	Tnr. 766
J-Hrafnag. J-Viðnám	Fnr.10289	